



## 403. Stjórnarfundur haldinn 10. jan. 2013 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),  
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA),  
Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá Sigurði Guðmundssyni framkvæmdastjóra landsmóts UMFÍ 50+ ásamt auglýsingu á mótinu. Tölvupóstur frá Ragnheiði Sigurðardóttur verkefnastjóra Æskulýðsvettvangs vegna fræðslu um einelti. Ákveðið að taka þátt. Framkvæmdastjóra falið að koma þessu til deilda. Afrit af tölvupósti frá Guðrúnu og Júlía sem sendur er á formann sundráðs ÍRB.

### 3. Send bréf.

Bréf sent á íþrótt- og tómstundaráð RNB v/frágangs á nýframkvæmdum í anddyri íþróttahússins að Sunnubraut.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins.

EH lagði fram drög að aðalfundartímum. Deildir hafa frest til 14. janúar til að óska eftir breyttum fundartíma. Ákveðið að halda aðalfund félagsins 25. febrúar kl. 20:00 í félagsheimili okkar að Sunnubraut 34.

### 5. Félagsheimili Keflavíkur.

EH sagði frá því að FS muni ekki framlengja leigusamninginn á sal-1.

EH sagði frá fundi sem hann og BI áttu með Árna Sigfússyni bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Stefáni Bjarkasyni vegna aðkomu bæjarins að þeim framkvæmdum sem ekki væri búið að ljúka í nýbyggingunni. Aðilar voru sammála um að nýframkvæmdum í m.a. anddyri yrði strax að ljúka sem kosta kr. 2,1 milljón. Bæjarstjóri kynnti að fjármálastjóri væri að ganga frá þeirri greiðslu. EH og BI sögðu frá stöðu mála á framkvæmdum við bikaraskáp í anddyri íþróttahússins.

### 6. Íþróttamaður Keflavíkur.

EH lagði fram drög að reglugerð um val á íþróttamanni Keflavíkur. Ákveðið að taka hana fyrir á næsta fundi. Umræður um hvort ekki væri rétt að velja bæði kynin. Stefnt að því að kynna reglugerðina á aðalfundi félagsins.

### 7. Önnur mál.

EH sagði frá því að taekwondósamband Íslands hafi valið taekwondó konu og mann ársins og eru þau bæði úr taekwondódeild Keflavíkur. **Ákveðið að heiðra þau með blómvendi á aðalfundi félagsins.** Umræður um heiðursveitingar og heiðursfélaga. Yfir fimm hundruð manns mæta á þorrablót Keflavíkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

